Skilmálar

eptir

hvorium Hóla Biskupsstóls jardagóts skal seliast

Hans Konunglegrar Majestatis til Danmerkur og Noregs &c. &c. Deputeradir og Committeradir í Rentukammer-Collegio, giörum vitanlegt: At eptir Konunglegri allranáduguſtu ſkipan, ſkal allt þad jardagóts, ſem hingat til heſir tilheirt Hóla Biſkupsſtóli og ſkóla, ſamt Biſkupseckiunum, af þeim Commiſſarier, ſem allranádugaſt eru ſkickadir til at verdleggia (taxere) allt jardagóts á Islandi, uppbiódaſt til ſolu enum hæđſtbiódandi, med eptersylgiandi ſkilmálum:

1.

Strax eptir at Commiſſarierne hafa feingit allt þad at vita, ſem þénat gétur þeim til upplíſíngar vid jardanna verdlegging (Taxation), ſkal uppbodit ſké á Þíngſtodunum án tillits til jardanna nu haldins dírleika.

2.

Þau hædſtu bod koma undir Hans Konunlegrar Hátignar allranádugaſta ſamþicki, þaret kaupandinn eda en hædſtbiódandi, ej fá fyrri eignarrétt þartil, enn hun er innkominn. Hans Konunlegrar Majeſtatis allranáduguſtu úrlauſnar, héruppá má væntaſt næſta ár eptir.

3.

Þau búſettu Pláts eda hiáleigur, ſem bygdar eru úr heimajordunni, verda, ef þær hafa afmarkat land uppbodnar hvor fyrir ſig.

4.

Af kaupverdinu meiga, hvor ſem helſt er hædſtbiódandi ⅔ partar ſtanda í jordunni, med því móti, at þaraf ſvariſt 4 pro Cento árleg renta, enn ef Leiguliđinn er hædſtbiódandi og verdur eignarmadur jardarinnar, géſt honum ſa

freſtur,

frestr, at hann af þeim ⅓ parti verdsins, sem adrir kaupendur strax skulu betala, þarf fyrst eptir 3 ár lidinn at betala helming þaraf, eda ⅙ part af ollu verdinu, og sidann ad odrum 3 árum lidnum, hinn annann ⅙ part af ollu kaupverdinu.

Þó stendr þad kaupandanum i siálfs valdi, at betala meira eda allt kaupverdit, ef honum so þocknast.

5.

Leigulidar sem fá til eignar þeirra ábylisjardir, eru i 6 ár frkir at betala skatt af þeim.

6.

I þau fyrstu 3 ár eptir at leigulidinn er ordinn eignarmadr sinnar ábylisjardar, verdr honum eptirgéfit sonikit af kaupasummunnar rentum, sem þær eru hærri enn sú landskuld, sem hann ádr mátti svara; somuleidis, ef hann innann þeßara 3dia ára betalar kaupverdit, eda nockut af því, verda honum gottgiordar rentur af því, sem hann soleidis betalat hefir.

7.

Ef Leigulidinn, sem verdur hædstbiódandi ad sinni ábylisjordu, á siálfr adra jord til, álitst hann sem framandi kaupandi, nema so sé, at hann afsali odrum þeßa eignarjord sina, og ad þeim eina kosti, verdr hann adniótandi þeirra gódkiora, sem kaupandi leigulidum eru heitinn.

8.

Somuleidis missa leigulidar þeirra giæda, sem lofut eru i §§. 4, 5, 6 og 7, ef þeir aptr sélia þá jord þeir keiptu, fyrrenn sá timi er umlidinn, á hverium kaupandi leigulidum er þeßi léttir eftirlatinn.

9.

Oll þau kúgyldi, sem á gótsinu eru Biskupsstólnum eda skólanum tilheirandi, uppbiódast útaf fyrir sig, og þá samþicki uppá soluna er innkomit,

skal

skal betalingrinn strax greidast, nema so sé, at sá á jördunni búandi leiguliði hafi verit hædstbiódandi þeirra kúgilda, sem á nefndri jord eru, þá má (kúgylda) verdit leggiast til jardarinnar kaupasummu, og med þess útsvorum gêfast fresir ad líku skapi.

10.

Föst kúgyldi skulu á þessu gótsi aldeilis vera afskoffut, utann kirkiukúgyldi, sem framveigis eins og híngat til skulu vidhaldast á þeim jordum, sem þau eru, þángat til þará verdr giord önnur rádstofun.

11.

Þegar leigukúgyldi innsetiast á þetta góts, skal þarí haga sér fyrstumsinn, og þángat til odruvísi verdr þarum bodit, eptir því sem skipat er i lögunum; og hvad kúgylda töluna áhrærir, eptir því sem Landsdrottin og Leiguliðinn koma sér samann um. Þessi samingr skal þessvegna med berum ordum standa í því byggíngarbréfi, sem leiguliðinn móttekr, somuleidis skal Byggingarbréfit endast med því atqvædi: at þetta skuli soleidis gylda, þángat til odruvísi verdr þarum bodit.

12.

Renturnar af kaupasummunum skulu reiknast frá þess árs fardögum, sem samþickit uppá bodit innkémr, og fylgir þaraf, at framandi kaupendum apturámóti tilfellur Landskuldinn frá somu tíd.

13.

Konunlegt Afsalsbréf fyrir jördunum, verdr strax næsta ár eptir útgéfit þeim leiguliðum, sem urdu hædstbiódandi, þá þess er óskat, og ödrum kaupendum þegar ½ partr kaupverdsins er betaladr, og Landfogetans qvittering þarfyrir er innsend til Rentukammersins.

Allir þeir, sem girnast at verda eigendur einhverra þessara jarda, meiga vera tilstadar vid Actionirnar, þvi eptirbod verda aldeilis ecki antekinn.

Rentukammeret þann 13de Martii 1802.

Reventlov.

Hoe. Wormskiold. Fridsch.

Kølle. Schiønning. v. Essen. Meincke. Vorndran.

Vadum. Evers. Arctander.

H. Jensen.

Skilmálar eptir hverium Hóla Biskupsstóls jordagóts skal seliast.